

REGLUGERÐ

um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga.

1. gr.

Fyrning mannvirkja, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, skal vera árlegur hundradshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

- a) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 2%:
 1. Íbúðarhúsnæði
 2. Skrifstofubyggingar
 3. Verslunarbyggingar
- b) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 4%:
 1. Verksmiðjubyggingar
 2. Verkstæðisbyggingar
 3. Vörugemyslubyggingar
 4. Gisti- og veitingahús
 5. Útihús á bújörðum
 6. Hvers konar önnur mannvirki og hús, notuð til atvinnurekstrar, sem ekki eru talin annars staðar í reglugerð þessari
- c) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 6%:
 1. Dráttarbrautir
 2. Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar
 3. Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar
 4. Ræktun á bújörðum
- d) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 8%:
 1. Bryggjur og plön þeim tengd
 2. Gróðurhús
- e) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 10%:
 1. Borholur
 2. Raflínur
 3. Vinnubúðir, óvaranlegar

Ekki skiptir máli í sambandi við ákvörðun fyrningarhlutfalls úr hvaða byggingarefni mannvirki er gert.

2. gr.

Þegar notkun einstakra eigna er þannig háttáð að þær falla ekki undir sama fyrningarhlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að 3/4 hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarhlutfalli. Sé hluti eignar ekki fyrnanlegur skal ætíð lækka stofnverð eignarinnar um hinn ófyrnanlega hluta eftir stærðarhlutföllum. Við skiptingu á fyrningargrunni bygginga skal í þessu sambandi miðað við fasteignamat einstakra byggingarhluta eða við rúmmál liggi fasteignamat þeirra ekki fyrir.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. tl. 38. gr. laga nr. 75/1981, sbr. lög nr. 8/1984, öðlast þegar gildi og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 172

REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru, fyrir árið 1983.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1983.

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsbók nr. 12445	kr.	8 352,24
Vextir af vaxtaaukareikningi nr. 1255	—	4 886,03
Tekjuhalli	—	26 761,73
		<hr/>
	kr.	40 000,00

Gjöld:

Gjöf í Minningasjóð Guðmundar Jóhannssonar til kaupa á sönartæki fyrir Sjúkrahús Suðurlands	kr.	25 000,00
Gjöf til Sjúkrahúss Suðurlands, langlegudeildar	—	15 000,00
		<hr/>
	Kr.	40 000,00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1983.

Eignir:

Sparisjóðsbók 12445	kr.	14 381,56
Vaxtaaukareikningur 1255	—	12 483,97
		<hr/>
	kr.	26 865,53

Skuldir:

Höfuðstóll	kr.	10 000,00
Tekjuafgangur frá fyrri árum	kr.	43 627,26
Tekjuhalli 1983	—	26 761,73
		<hr/>
	—	16 865,53
		<hr/>
	kr.	26 865,53

Selfossi, 31. janúar 1984.
F. h. Kvenfélags Selfoss
Guðrún Bárðardóttir, gjaldkeri.